

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Breiðholts, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 20. janúar 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Breiðholti. Breytingin felst í því að bæta við lóð syðst í hestúsahverfinu þar sem áður var óbyggt svæði austan lóðar nr. 11 við Perlugötu.

Bæjarstjórn lýsir því yfir að hún tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 27. febrúar 2004.*

**Bjarni Reykjalin**, skipulags- og byggingarfulltrúi.